

EFTIRLITSSKÝRSLA



Höfði malbikunar verksmiðja (áður Munck) Hafnarfjörður - Kapelluhraun

Dags eftirlits	30.8.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Höfði malbikunar verksmiðja (áður Munck)	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Sævarhöfða 6 -10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	581096 2919	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirsdóttir	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Öllum eldri frávikum hefur verið lokað.

Eitt nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti. Mæling á PAH efnunum í útblæstri skorsteins hefur ekki verið gerð.

Ein ábending var gerð. Bent er á að á a.m.k. sex mánaða fresti skal yfirfara virkni olúskilja og tæma sandföng og skiljur eftir þörfum. Skrá skal viðhald og eftirlit og bilanir í mengunarvarnarábúnaði.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í malbikunarstöð Höfða hf. við Álhelli 34, í Hafnarfirði. Starfsleyfi rekstraraðila er frá 17. september 2021 og gildir til 8. júní 2034.

Lóðin er deiliskipulögð í deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga, dagsett 7. júlí 2009.

Viðstöð eftirlitið voru Elín Ásgeirsdóttir frá rekstraraðila og Gottskálf Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Boðuð dagskrá:

- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og sértaklega hreinsikerfa í frárennsli og útblæstri.
- Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar
- Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, gjaldskrá Umhverfisstofnunar og boðun eftirlits hjá stofnuninni
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2023
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
- Skoðun

1. Rekstur hreinsivirkja

Rekstur verksmiðjunnar á síðasta ári gekk vel. Stöðin er með kalda innmötun og allmikið af malbikskurli var notað í framleiðsluna. Keyptur hefur verið hentugur brjótur til að vinna gamalt malbik til notkunar í framleiðsluna.

Hreinsivirki í útblæstri (pokasíur) virðast í ágætu lagi og samkvæmt niðurstöðum mælinga er losun mengunarefna ásættanleg og engar kvartanir hafa borist. Lofthraði um útblástursop mældist 26,2 m/s. Rekstraraðili hefur ekki látið mæla losun PAH efna í útblæstri en losunarmörk í starfsleyfi eru sett við 0.002 mg/Nm³. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Þjónusta við sandföng og olúskiljur virðast í ágætu lagi. Í september sl. var tekið sýni úr frárennsli og svifagnir og olúmagn í frárennslisvatni mælt. Niðurstaða mælingar er að svifagnir mældust 14 mg/L og olúmagn er undir greiningarmörkum (<2 mg/L). Þetta er vel undir losunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi.

2. Kröfur til starfseminnar

a. Farið var yfir stöðu úrbóta vegna vinnu við að reisa skjólveggi við hráefnageymslur. Verkinu er lokið en hugmyndir eru uppi um að tjalda yfir fínefnið og fræsið til þess að ekki rigni í efnið. Þurrkun hráefna er stór útgjaldaliður. Frávikin er lokað.

b. 40.000 lítra olúgeymir hefur verið færður í öryggisþró og stendur geymirinn því í lekavörn. Því telst geymirinn með öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og slysavarnir og frávikin er því lokað.

c. Þann 20. mars sl. var fráviki sem snéri að aðbúnaði við úðun vörubílspalla lokað. Þar sem ekki er fyrirhugað að nota olúefni til þess að smyrja vörubílapalla þá var hægt að breyta starfsleyfinu þannig að ekki er þörf á olúhieldu áfyllingarplani á þessum stað.

Öllum eldri frávikum vegna stöðvarinnar er því lokað.

Áætlanir: Fjórar skriflegar áætlanir skulu liggja fyrir og vera aðgengilegar. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlunar vegna bráðamengunar, áætlun til að hefta rykmengun við óhagstæð veðurskilyrði og áætlun um rekstur hreinsibúnaðar í útblæstri.

Allar eru þær tilbúnar og liggja fyrir í stöðinni.

Skýrslur og gagnaskil: Rekstraraðili skal árlega, fyrir 1. maí ár hvert, skila umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) vegna losunar mengandi efna frá starfsstöðinni. Grænt bókhald fyrir stöðina barst 21. apríl sl.

Gerð er krafa um skil á mælingagögnum vegna greina nr. 3.6 og 3.7 í starfsleyfi innan mánaðar frá því að mælingarnar eru framkvæmdar.

Skráningar: Skrá skal eftirtaldar upplýsingar: viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar, magn og gerð efnis sem er sent til endurvinnslu og endurnýtingar sbr. grein 3.9, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, prófun og kvörðun mælitækja, magn og gerð efnis sem er sent til spilliefnamóttöku. Farið var yfir skráningar og hvernig haldið er utan um magntölur. Skráningar eru gerðar í CCQ forrit og kvittanir frá þjónustuaðila sem sér um úrgangsmál (Hringrás) notaðar til að halda utan um magntölur úrgangs. Ekki er gerð athugasemd við skráningar.

3. Kynningar Umhverfisstofnunar

Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, kynning á nýrri gjaldskrá UST og kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits, sem fylgdu fundarboðinu, voru ræddar.

4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Áhættumatið var uppfært miðað við núverandi stöðu.

5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

Engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist og ekki hafa orðið slys eða mengunaróhöpp. Fegrun og tiltekt á lóðinni er enn í gangi.

6. Skoðun

Gengið var um lóð rekstraraðila. Skoðaðir voru skjólveggir fyrir hráefni, öryggispró með olúgeymum, köld innmötun á fræsi, aðstaða fyrir úðun vörubílspalla og aðstaða fyrir flokkun úrgangs.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í starfsleyfi, grein 3.6 um að mæla skuli m.a. PAH efni.

Rekstraraðili skal mæla heildarryk, kolmónoxíð, köfnunarefni NOx og PAH efni.

Niðurstöður mælinga á PAH efnum í útblæstri hafa ekki fylgt mælinganiðurstöðum rekstraraðila.

